

**Nd.**

**500. Breytingartillögur**

[112. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Karli Guðjónssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. grein, svo hljóðandi:

Fyrirtæki og stofnanir, er reka starfsemi, sem nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heilðsólufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld til að greiða landsútsvar, er renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Samband íslenzkra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurfjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.
2. Við 5. gr.
  - a. Úr 1. efnismálsgr. c-liðar falli niður orðin „þar með talin samvinnufélög“ og einnig orðin „jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða“.
  - b. Á undan síðustu málsgr. c-liðar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Að því er samvinnufélög varðar, gilda ákvæði þessi um skipti þeirra við utanfélagsmenn.
3. 6., 7. og 8. gr. falli niður, en í þeirra stað komi ný grein, svo hljóðandi:

Í öðrum kaupstöðum og sveitarfélögum skal jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum gjaldenda. Heimilt er þó hlutaðeigandi niðurfjöfnunarnefndum að jafna útsvörum niður samkvæmt reglum 5. gr.
4. Við 12. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Samvinnufélög greiða útsvar af skiptum sínum við utanfélagsmenn eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar.
5. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist:

svo og lög nr. 47 4. júní 1924.